

## AUGLÝSING

### um gildistöku greinasviða aðalnámskrár grunnskóla.

#### 1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með greinasvið aðalnámskrár grunnskóla, sem birt er á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Aðalnámskrá grunnskóla hefur verið birt með auglýsingu nr. 760/2011.

#### 2. gr.

Greinasvið grunnskólans skiptist í níu kafla. Fyrst er sérstakur kafli um lykilhæfni þvert á öll greinasvið og síðan eru átta kaflar um greinasvið fyrir námssvið og einstakar námsgreinar grunnskóla, í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Jöfnum höndum er lögð áhersla á almenna lykilhæfni og sértæka hæfni fyrir viðkomandi grein eða svið. Í köflunum er fjallað um menntagildi og megintilgang, hæfniviðmið, kennsluhætti og námsmat. Birt eru hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og matsviðmið við lok 10. bekkjar í flestum greinasviðum. Á grundvelli hæfniviðmiða velja kennarar og nemendur kennsluáferðir, námsefni og matsáferðir og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Greinasviðin bera þessi heiti:

- Inngangskafli
- Lykilhæfni
- Íslenska
- Erlend tungumál
- List- og verkgreinar
- Náttúrugreinar
- Skólaíþróttir
- Samfélagsgreinar
- Stærðfræði
- Upplýsinga- og tæknimennt.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 15. apríl 2013.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*